


SAMÞYKKT
17 DES. 2008
Byggingafulltrúi uppsv. Árnessýslu og Flóahr.




| Útg. | Dags. | Breyting |
|---|---|---|
| C | 05.01.2009 | Engar breytingar á stærð eða fyrirkomulagi en merkingar og lýsing gerð ýtarlegri |
| B | 05.08.2008 | Hús fært ofar í land og fjær Þingvallavatni<br>Aukin jarðvegsfylling við suðurhlið kjallara<br>Gluggar á suðausturhlið kjallara minnkaðir<br>Gluggi á suðvesturhlið kjallara fjarlægður<br>Skráningu breytt (einn matshluti) |
| A | 17.02.2008 | Skráningu breytt<br>Húsi snúið á grunnfleti |

## Stærðir:

| | kjallari | 1. hæð | samtals |
|---|---|---|---|
| Brúttóflatarmál: | 73.3m2 | 88.7m2 | 156.1 m2 |
| Brúttórúmmál: | | | 528.5 m3 |
| Lóð: | | | 6000 m2 |
| Nýtingarhlutfall: | | | 0.026 |

## Byggingarlýsing:

Staðsetning: Bústaðurinn er staðsettur að mestu yfir grunnfleti núverandi bústaðar til að valda sem minnstu raski á lóð. Núverandi bústaður verður rifinn. Til að ná útsýni yfir hæðardrag á sunnanverðri lóð er húsinu lyft um ca. 3m frá grunnfleti núverandi bústaðar sem liggur mjög lágt í landinu. Neðri hæð sem þannig verður til er að mestu grafin inn í brekkuna sem húsið stendur við og er að mestu gluggalaus á þrjá vegu. Jarðhæð myndar vinkil utan um sólpall til að verja hann fyrir ríkjandi norðan- og austanáttum.

Burðarvirki: Sökklar, gólfplötur og útveggir kjallara eru staðsteypt. Veggir og þak jarðhæðar eru úr timbri sem styrkt verður með stálramma í stofuálmu.

Einangrun: Einangrað er undir gólfplötu kjallara með 75mm plasteinangrun. Veggir kjallara undir jarðvegsyfirborði verða einangraðir með 100mm vatnsþolinni plasteinangrun. Útveggir undir klæðningum verða einangraðir með 150mm steinullareinangrun. Í þaki sem er loftað yfir einangrun verður 200mm þakull. Byggingarhlutar uppfylla kröfur byggingareglugerðar um eftirfarandi einangrunargildi:

| | |
|---|---|
| Útveggur: | 0.4W/m2K |
| Þak: | 0.2W/m2K |
| Gluggar: | 2.0W/m2K |
| Gólf á fyllingu: | 0.3W/m2K |
| Útveggir, vegið meðaltal: | 0.83W/m2K |

Klæðningar: Útveggir kjallara og svefnálma jarðhæðar verða klædd með steinflísum á álburðargrind. Litur á flísum verður valinn þannig að hann falli sem best að umhverfinu. Veggir og þak stofuálmu jarðhæðar verða klædd forveðraði grænleitri koparklæðningu. Á þaki svefnálmu verður úthagatorf.

Gluggar: Gluggar og hurðir eru ýmist úr lituðu áli eða harðviði með tvöföldu einangrunargleri.

Innveggir: Léttir innveggir verða úr gifsplötum á blikkgrind (flokkur 1). Þök eru klædd að innanverðu með panelklæðningu. Steyptir veggir og loft eru sandspörtluð og máluð að innanverðu.

Sólpallur: Sólpallur hvílir á burðarvirki úr stáli á steyptum sökklum. Harðviðarklæðning er á sólpalli. Handrið er úr hertu gleri.

Eldstæði: Arinn er í stofu, tengdur einangruðum reykháf úr ryðfríu stáli.

Inntök: Inntök rafmagns eru í inntaksrými / geymslu.

Vatn: Gert er ráð fyrir að borað verði fyrir neysluvatni á lóðinni en að öðru leyti verði notast við vatn úr Þingvallavatni.

Hiti: Gert er ráð fyrir rafhituðu lokuðu vatnskerfi með ofnum og gólfhita.

Frárennsli: Rotþró sem fyrir er á staðnum verður fjarlægð. Sett verður upp hreinsivirki í samræmi við leiðbeiningar og fyrirmæli Heilbrigðiseftirlits Suðurlands þannig að fullnægt sé 15. og 20. grein reglug. nr. 650 /2006.

konsept ehf
al
Ari Már Lúðvíksson arkitekt FAÍ
Sporðagrunn 5 104 Reykjavík
kennitala: 060958 - 6459
sími: 696 7880 netfang: konsept@simnet.is

# Sumarbústaður Þingvöllum

Valhallarstígur syðri 8

Aðalteikningar

Afstöðumynd

-

| | |
|---|---|
| KVARÐI: | 1:500 |
| DAGSETNING: | 07.12.07 |
| TEIKNAÐ: | al |
| ÚTGÁFA \| GILDI: C | TEIKNING NÚMER: 00.001 |